



Eftirlit eftir keiluskurð

Embætti landlæknis

Eftirlit er mikilvægt fyrir konur sem hafa gengist undir meðferð við frumbreytingum þar sem þær eru í 2-5 sinnum aukinni hættu á leghálskrabbameini.

Keiluskurður vegna forstigsbreytinga í flöguþekju - CIN

Eftirlitssýni eftir 6 mánuði með frumurannsókn og HPV mælingu, óháð skurðbrúnum.

1. Skurðbrúnir fríar (*radical* keiluskurður):

- Ef frumurannsókn er eðlileg og hrHPV neikvætt fer viðkomandi aftur í reglubundna skimun.

2. Ekki fríar skurðbrúnir (*non-radical* keiluskurður):

- Ef frumurannsókn er eðlileg og hrHPV neikvætt eru bæði frumurannsókn og HPV mæling endurtekin eftir 6 mánuði.
- Ef frumurannsókn er eðlileg og HPV mæling neikvæð eftir 6 mánuði fer viðkomandi aftur í reglubundna skimun.

3. Við óeðlilega niðurstöðu úr eftirlitssýnum eftir keiluskurð, óháð skurðbrúnum:

- ASCUS/LSIL í frumurannsókn en HPV mæling neikvæð => endurtaka báðar rannsóknir eftir 6 mánuði
 - Ef viðvarandi óeðlileg niðurstaða, þá tilvísun í leghálsspeglun
- Frumurannsókn eðlileg en hrHPV jávætt => endurtaka báðar rannsóknir eftir 6 mánuði.
 - Ef viðvarandi óeðlileg niðurstaða, þá tilvísun í leghálsspeglun
- HSIL/ASCH/AGC í frumurannsókn en HPV mæling neikvæð:
 - Tilvísun í leghálsspeglun
- Frumurannsókn óeðlileg og hrHPV jákvætt:
 - Tilvísun í leghálsspeglun - Sjá kafla um leghálsspeglun

Flæðirit 1. Eftirlit eftir keiluskurð - CIN

Keiluskurður vegna forstigsbreytinga í kirtilþekju – AIS

1. Skurðbrúnir fríar

- Eftirlit með frumurannsókn og HPV mælingu 6 og 18 mánuðum eftir keiluskurð.

2. Ekki fríar skurðbrúnir

- Nýr keiluskurður
- Legnám

Flæðirit 2. Eftirlit eftir keiluskurð - AIS

Sjúklingur ætti að fá upplýsingar um að forstigsbreytingar í kirtilþekju eru oft breytingar sem sitja á mismunandi stöðum í leghálsi (*multifocal*) og því hugsanlega erfiðara að fjarlægja að fullu. Eftirlit með forstigsbreytingum getur einnig verið erfitt í framkvæmd þar sem breytingar geta setið inni í leghálgangi.

Ekki eru til íslenskar tölfræðilegar upplýsingar en skv. sænskum leiðbeiningum eru líkur á áframhaldandi breytingum eftir keiluskurð með fríar skurðbrúnir:

- 16,5% líkur á áframhaldandi frumubreytingum (allar tegundir),
- 3% líkur á AIS og
- 0,6% líkur á krabbameini

Ef keiluskurður er ekki með fríar skurðbrúnir eru:

- 49,5% líkur á áframhaldandi frumubreytingum (allar tegundir)
- 17% líkur á AIS
- 5,9% líkur á krabbameini

Eftir upplýst samtal má bjóða sjúklingum legnám ef barneignum er lokið.

Ef eftirlit er ákveðið má hugleiða legnám eftir að barneignum er lokið.

Þegar barneignum er lokið og ef eftirlit eftir keiluskurð hefur verið án breytinga þá er legnám ekki nauðsynlegt.


Ábendingar fyrir legnámi:

- Barneignum lokið
- Ekki fríar skurðbrúnir eftir enduraðgerð með keiluskurði
- Ef frumubreytingar koma fram í eftirliti eftir keiluskurð
- Sjúklingur vill ekki eftirlit
- Ófullnægjandi eftirlit t.d. vegna þrengsla í leghálsi (stenosis)
- Aðrar ábendingar fyrir legnámi

HPV bólusetning við keiluskurð

Nýlegar rannsóknir (meta-analysis) hafa sýnt fram á að ávinningur er af HPV bólusetningu fyrir sjúklinga sem þurfa að gangast undir keiluskurð. Þeir eiga að fá upplýsingar um HPV bólusetningu. Hægt er að mæla með HPV bólusetningu sem vörn gegn endurteknum frumubreytingum eftir keiluskurð.

Flæðirit 1. Eftirlit eftir keiluskurð – Vefjagreining CIN



Flæðirit 2. Eftirlit eftir keiluskurð – Vefjagreining AIS

